



## Stjórn Landspítala

### Fundargerð

Fundur boðaður	24. janúar 2025 kl. 13:00-15:00
Staðsetning	Skaftahlíð 24, R (Salur: Furuhlíð 1, 1.h.)
Númer fundar	4
Viðstaddir	<u>Stjórn</u> : Sólrún Kristjánsdóttir, varaformaður, Höskuldur H. Ólafsson, Ingileif Jónsdóttir Birgir Gunnarsson, Ragnheiður Ósk Erlendsdóttir.
<u>Áheyrnarfulltrúar starfsmanna</u> :	Signý Sveinsdóttir, Theódór Skúli Sigurðsson.
<u>Aðrir</u> :	Runólfur Pálsson forstjóri Landspítala, Þórunn Oddný Steinsdóttir forstöðumaður og Gunnar Ágúst Beinsteinsson, framkvæmdastjóri rekstrar og mannauðs.
Fjarverandi:	Gunnar Einarsson
Gestir:	Gréta Gunnarsdóttir, Karl Andersen, Magnús Gottfreðsson
Fundarstjóri:	Sólrún Kristjánsdóttir, varaformaður
Fundarritari:	Þórunn Oddný Steinsdóttir

### Dagskrá

#### 1. Fundargerð

Fundargerð 3. fundar, dags. 29. nóvember 2024, samþykkt.

#### 2. Skýrsla forstjóra

Forstjóri fer yfir stöðuna í starfseminni og þá sérstaklega í bráðapjónustunni og áréttar að umbætur í þeirri starfsemi hafi verið hans áherslumál þegar hann tók við starfi forstjóra. Fór yfir stöðuna í Evrópu þar sem víða voru krísur í desember en hér hafi ástandið verið sérlega erfitt í janúar. Staðan hafi verið mjög alvarleg í janúar. Sýnir tölfræði yfir meðalfjölda þeirra sem dvelja lengur en 24 klst. á bráðamóttöku spítalans í Fossvogi á hverjum degi og voru það í janúar 35 einstaklingar að meðaltali. Liggur fyrir að meðaltalsfjöldinn hefur verið að hækka umtalsvert. Þessi staða endurspeglast á legudeildum spítalans en innlagnafyrirkomulagið er skipulagt þannig að aukið álag á bráðamóttöku spítalans veldur einnig auknu álagi á legudeildunum þar sem þær þurfa þá að taka við fleiri sjúklingum en gert er ráð fyrir á deildunum. Spítalinn hefur nánast óslitið verið á hæsta viðbragðsstigi, innlagnastigi stigi 3, frá því í október, sem er mjög alvarlegt ástand. Farið yfir stöðuna í nýtingu legurýma en staðan er alvarleg líkt og áður á þeim legudeildum sem taka stærstan hluta bráðaleganna. Fjöldi þeirra sem liggja inni á spítalanum með færni- og heilsumat sýndur. Áréttað mikilvægi þess, líkt og áður, að fjölga legurýmum á Landspítala. Það er mikil skuld sem hefur byggst upp. Mikilvægt að skapa lausn fyrir aldraða sem lokið hafa meðferð á Landspítala, hjúkrunarheimili verða að taka við fleira vistfólki tímabundið og fjölga verður hjúkrunarrýmum eins skjótt og auðið er. Þá er mikilvægt að efla heimaþjónustu, mögulega með stuðningi Landspítala. Óvissa ríkir þó um nákvæma skiptingu málaflokksins eftir að ákveðið var að félagsmálaráðuneytið tæki málaflokkinn yfir með nýrri ríkisstjórn.

Umræða um stöðuna í öldrunarmálum. Stjórnarmenn ræða þau öldrunarrými sem gert er ráð fyrir að opna á næstunni, hvernig þessi rými verði mönnuð, heimaþjónusta rædd og fleira sem tengist skipulagi öldrunarþjónustu. Rætt um þróun í heimaþjónustu við alvarlega veika einstaklinga, eins og krabbameinssjúklinga, þar sem samstarf er milli spítala og heimaþjónustu.

Rætt um mikilvægi lækniþjónustu innan öldrunarheimila þegar aldraðir veikjast illa svo að hægt sé að taka ákvarðanir um meðferðarmarkmið, til að koma í veg fyrir óþarfa flutning á bráðamóttöku.

Farið yfir stöðuna í verkefnum um nýjan Landspítala við Hringbraut. Útboð á deilihönnun og innanhússfrágang á 5. og 6. hæð er enn í gangi, þar sem kærufrestur er ekki liðinn. Gert ráð fyrir að samningur verði kláraður fljótlega. Unnið að útboði á deilihönnun og innanhússfrágangi hæð K2-4H með það að markmiði að samningur náist sumarið 2025. Vinna er hafin við brúarverkefni bráðamóttökunnar í Fossvogi og áhersla lögð á að koma DGL-byggingu og geðþjónustubyggingu á dagskrá.

Stjórnin lýsir yfir áhyggjum með stöðuna í brúarverkefnum, leyfismál og fleira sem tengist framgangi verkefnisins. Stjórnin telur mikilvægt að Landspítali fái upplýsingar mánaðalega um framgang verkefnanna. Stjórn áréttar mikilvægi þess að áætlanir um framvindu gangi eftir.

Farið yfir brýn verkefni sem varða nýjan Landspítala við Hringbraut. Vegna tafa í uppbyggingu nýs Landspítala eru brúarverkefni sem snúa að bráðþjónustu, ferliþjónustu og geðþjónustu orðin aðkallandi. Ákvörðun um framtíðarhúsnæði fyrir ferliþjónustu er orðin knýjandi, m.a. hvort nýta eigi K-byggingu. Enn fremur er mikilvægt að tekin verði ákvörðun um framtíð bygginganna í Fossvogi. Æskilegt er að landrymi vestan við meðferðarkjarnann verði nýtt fyrir Landspítala til framtíðar. Einnig upplýst að endurskoðun þarfagreiningar fyrir framtíðarþróun þjónustu Landspítala með ráðgjöf KPMG stendur yfir. Þá eru þeir hlutar sem tilheyra svokölluðum öðrum áfanga ófjármagnaðir.

**Bókun:** Stjórn leggur þunga áherslu á að ákvörðun verði tekin um nýja geðdeildarbyggingu og að fjármögnun verði tryggð. Þá telur stjórnin mikilvægt að áform stjórnvalda um þróun dag- og göngudeildarþjónustu skýrist sem fyrst.

Farið yfir framlög til fjárfestinga í húsnæði og tækjum sem ekki hafa tekið mið af verðlagsbreytingum frá 2018 og eru langt frá því að vera fullnægjandi til að viðhalda tækjabúnaði og húsakosti. Skýringin sem gefin er fyrir skorti á fjármagni er uppbygging spítalans við Hringbraut sem er afar kostnaðarsöm framkvæmd. Þó er ljóst að brúa þarf bilið fram að flutningi og staðan orðin gríðarlega alvarleg. Fjárhagslegt umfang þeirra tækja sem nú er nauðsynlegt að endurnýja eða bæta við nemur um tveimur milljörðum króna. Farið yfir sundurliðun á því fjármagni sem upp á vantar og hvaða tæki þarf að endurnýja sem allra fyrst.

Innleiðing nýs kjarasamnings lækna rædd en um mikilvægan kjarasamning er að ræða og miklar breytingar gerðar. Því er innleiðing hans stórt verkefni. Verkefnahópar hafa verið stofnaðir um alla þætti innleiðingarinnar og hafa þeir hafið störf. Áskoranirnar eru m.a. útfærsla innleiðingar styttingar vinnuvikunnar þannig að ekki skapist mönnunargat. Einnig er útfærsla vakta, einkum viðbragðsvakta, símtala og fjarvinnu á bakvöktum atriði sem þarf að innleiða á skilvirkan hátt. Ávinningur af samningnum er einkum hækkun grunnlauna sem gæti mögulega laðað að sérfræðilækna erlendis frá, þá er launasetning einfölduð sem skapar aukið gagnsæi, vaktakerfi er ætlað að vera markvissara. Staðarvaktir eru felldar niður og staðarvaktafrí einnig. Tiltekin leyfi felld niður til að mæta styttingu og starfsbundnir þættir fluttir til forræðis hvernar stofnunar.

Stjórn upplýst um ársfund spítalans sem haldinn verður 16. maí nk. en þema fundarins er *Sterkari saman – Þjóðarsjúkrahús í 25 ár* og verður 25 ára sameiningarafmæli Reykjavíkursjúkrahúsanna fagnað.

Stjórn einnig upplýst um stefnu á hendur heilbrigðisráðherra í plastbarkamálinu.

Stjórn upplýst um heimsókn ráðherra við opnun farsóttareiningar spítalans, þar sem starfrækt verður bráðadagdeild lyflækninga.

Stjórn upplýst um samstarf norræna háskólasjúkrahúsa. Mjög áhugaverð verkefni í gangi á þeim vettvangi og sérstaklega á sviði gagnagreiningar og þróunar sameiginlegra viðmiða. Þar er einnig unnið að verkefnum sem snúa að framtíð heilbrigðisþjónustu og þjónustu vegna sjaldgæfra sjúkdóma.

Stjórn upplýst um að vinna við endurskoðun vísindastefnu sé á lokametrunum, að spítalinn hafi veitt umsögn um beiðni Íslenskrar erfðagreiningar um áfrýjun til Hæstaréttar í máli gegn Persónuvernd og spítalanum sem tengist sýnatökum á tímum Covid-19. Einnig upplýst að forstjóri og fleiri starfsmenn spítalans hafi átt fund með ríkislögreglustjóra til að ræða valdheimildir lögreglu innan spítalans, aðgang lögreglu að sjúkraskrárupplýsingum og samvinnu við lögreglu vegna einstaklinga með alvarlegan geðrænan vanda.

### 3. Fjármál

Farið yfir bráðabirgðauppgjör fyrir árið 2024. Lítillega neikvæð staða (um 89 milljónir kr.) sem er ekki óeðlilegt miðað við mikla starfsemisaukningu. Þó ljóst að uppgjöri er ekki lokið og enn unnið að endanlegri niðurstöðu reksturs fyrir árið 2024. Spítalinn hefur fengið einhverjar fjárveitingar sem mæta nýjum útgjöldum og á næstu tveimur vikum mun koma betur í ljóst hvernig niðurstaða síðasta árs verður.

Rætt um stöðuna í þjónustutengdri fjármögnun og framleiðslu spítalans fyrir árið 2024. Umframframleiðsla er um 4% á síðasta ári sem ætti að leiða til viðbótarfjárveitingar um liðlega 2 milljarða en viðbótarfjárveitingin

nemur tæplega 1,4 milljarði auk viðbótarfjárveitinga í önnur sértæk verkefni. Meðalfjöldi lega er að dragast saman en legurnar eru að lengjast sem þýðir væntanlega að sjúklingarnir séu meira veikir í flestum tilfellum. Nánari skoðun á legutíma er framundan.

Stöðugildabreytingar kynntar. Tekist hefur að fjölga hjúkrunarfræðingum um 46 stöðugildi á árinu sem er talsverður árangur. Einnig hefur fjölgun verið í hópi lækna og hjá fleiri stéttum auk ófaglærðra. Stöðugildum sjúkraliða hefur hins vegar fækkað sem er miður.

Farið yfir forsendur fjárlaga en fjárlögin voru afgreidd undir pressu og nú von á fjárukalögum. Spítalinn bindur vonir við að brýn verkefni fái fjármögnun í fjárukalögum, t.d. fjármögnun umsjónar með sérnámi í lækningum, erlendar vottunar skipulegrar handleiðslu sem mikil áhersla hefur verið lögð á á síðustu árum en einnig fjármögnun sem tengist skimun fyrir krabbameini í ristli og endaparmi, kostnaði vegna leyfisskyldra lyfja, brúarsamningum við Sjúkratryggingar Íslands o.fl.

Tillaga að áætlun ársins 2025 er varðar þjónustutengda fjármögnun kynnt en gert er ráð fyrir að framleiðsluáætlun hækki um 1,8% milli ára og einingaverð hækki um 6,6%.

Helstu atriði rekstraráætlunar 2025 kynnt, óbreyttur rekstur krefst um 800 m.kr., rúmlega milljarði verður varið í styrkingu bráðalegudeilda, gert er ráð fyrir hagræðingu um 800 m.kr. og svo verður 1,1 milljarði varið til nýrra og breyttra verkefna.

*Gréta Gunnarsdóttir kemur inn á fund.*

#### **4. Innri endurskoðun**

Úttekt á endurhæfingarþjónustu á Grensásdeild rædd. Úttektin var unnin frá júní til október. Markmiðið var að staðfesta að þjónustan væri skilvirk og að hún samræmist regluverkinu sem um hana gildir. Matsviðmið byggir á lagaumgjörð Landspítala ásamt endurhæfingarstefnu stjórnvalda, tilheyrandi reglugerðum, innri reglum og stefnu Landspítala.

Helstu niðurstöður eru þær að umgjörðin falli vel að því regluverki sem um hana gildir. Unnið er að útfærslu á því hvernig umboð til athafna og ákvarðanatöku skiptist á milli stjórnendalagsins eftir að stöðugildi forstöðulæknis og forstöðuhjúkrunarfræðings voru tekin upp. Uppfæra þarf starfslýsingar og tryggja fullnægjandi þjálfun stjórnenda. Þeir stjórnendur sem rætt var við voru sammála um að aðhald í formi þjálfunar væri ákjósanlegt. Enn fremur kom fram að stjórnendur vildu vera kallaðir meira að borðinu við ákvarðanatöku um sviðið.

Skilvirkni endurhæfingarþjónustu var metin fullnægjandi þó að ákveðnir ómöguleikar væru til staðar þegar ekki eru í boði langtímaúrræði. Unnið er að auknu samstarf við Reykjalund, sem er í samræmi við stefnu stjórnvalda. Þá er áhugi innan einingarinnar á að auka stöðlun ferla þó að ekki standi endilega til að fara í vottunarferil.

Helstu niðurstöður úttektar kynntar, niðurbrot athugasemda og staða úrbóta.

Innri endurskoðandi fer yfir endurskoðunaráætlun fyrir árið 2025. Fer yfir áætlun fyrir næstu þrjú ár og áherslur í störfum innri endurskoðunar fyrir þau ár. Það kemur í ljós að úttektir eru að taka aðeins lengri tíma en áður var áætlað og taka þarf mið af því við gerð áætlunar.

Stjórn leggur áherslu á að brunavarnir verði teknar út í allri starfseminni og fasteignaþjónustan kynni stöðuna á næsta fundi.

Stjórnin leggur áherslu á að innri endurskoðandi taki til skoðunar stöðu tækjabúnað spítalans og stöðuna í stafrænni þróun og stafrænum kerfum. Enn fremur leggur stjórnin áherslu á biðlista innan stofnunarinnar og staða biðlista verði könnuð. Staða fámennra sérgreina einnig rædd og mikilvægi þess að greina stöðu þeirra. Áhersla lögð á að heyra í stjórninni fyrir gerð næstu ársáætlunar innri endurskoðanda.

*Gréta vísar af fundi.*

Stjórn felur starfsmanni stjórnar að óska eftir fundi með nýjum ráðherra til að ræða vinnulag stjórnar og áherslur.

*Magnús og Karl koma inn á fund.*

## **5. Vísindastarf**

Karl, nýlega skipaður formaður vísindaráðs, tekur til máls og fer yfir áherslur nýrrar vísindastefnu, sem kemur til útgáfu á næstunni. Áhersla lögð á að fjárframlög til vísindarannsókna verði sambærileg við norræn háskólasjúkrahús, að aðstaða til vísindastarfa innan Landspítala verði stórbætt og ástundun vísindalegra rannsókna samofin daglegri starfsemi, stutt verði við uppbyggingu vísindastarfs þar sem starfsfólk Landspítala er í leiðandi hlutverki, áhersla verði lögð á fjölbreytni í rannsóknum, þverfaglega nálgun og samstarf og að lagður verði grunnur að því að Landspítali geti orðið í fremstu röð á alþjóðlegum vettvangi vísinda.

Vísindastefnan er unnin eftir tillögu Vísindaráðs til forstjóra Landspítala og gert er ráð fyrir að hún gildi frá 2025-2030. Stefnan verði samþykkt í framkvæmdastjórn. Forstjóri ber ábyrgð á framkvæmd stefnunnar en

Vísindaráð er ráðgefandi fyrir forstjóra varðandi vísindaleg málefni á spítalanum og fundar með honum a.m.k. tvisvar á ári. Forsvarsmenn rannsóknarhópa og einstakir vísindamenn bera ábyrgð á sínum rannsóknum.

Fer yfir fimm sóknarmarkmið í vísindastarfi. Eru þessi sóknarfæri eftirfarandi; fjölgun vísindagreina með háan áhrifastuðul, fjölgun doktorsnema, stærri rannsóknarstyrkir, aukið samstarf og nýsköpun og skilgreindar mælanlegar aðgerðir til að auka sýnileika Landspítala sem vísindastofnun.

Magnús tekur til máls og fer yfir ársskýrslu um vísindastarf ársins 2023 sem fjallað var um á uppskeruhátíð vísinda á spítalanum sem ber heitið Vísindi á vordögum. Fer einnig yfir áhugaverða gæðavísa sem máli skipta fyrir vísindastarf stofnunarinnar sem og stöðu heilbrigðisvísinda á spítalanum 2025 og helstu áskoranir. Birtingum vísindagreina fer fækkandi sem er áhyggjuefni. Vonir stóðu til þess að heilbrigðisvísindasjóður yrði stofnaður en ekki hefur orðið af því og vísindasjóður spítalans óbreyttur. Rannsóknarsjóður Rannís hefur verið skertur en endurgreiðslur til nýsköpunarfyrirtækja margfaldast. Vísbindingar eru um hnignun á frammistöðu nýútskrifaðra lækna frá læknaeild HÍ sem er áhyggjuefni. Sérnámslæknar standa sig hins vegar almennt vel í breska sérfræðiprófinu, en þar er mögulegur valbjargi og þátttaka þeirra í rannsóknum er fremur lítil.

**Bókun:** Stjórnin lýsir áhyggjum með niðurstöður læknanema á samræmdu CCSE-prófi. Stjórnin hefur áhuga á að fjalla nánar um læknanamið og ræða það við Háskólann vegna áhrifa á heilbrigðisþjónstuna í heild sinni.

Vakið máls á upptöku af viðburðinum Vísindi á vordögum og aðilum sem fengu styrki.

Staðan varðandi birtingar úr SciVal kynnt. Birtingum vísindagreina og höfundum fer fækkandi þó rannsóknarstarf sé enn öflugt, mikið erlent samstarf, fá frumkvæðisverkefni og fá verkefni sem bera starfsemina uppi. Við erum þó yfir heimsmeðaltali varðandi tilvitnanir og birtingar í virtustu tímaritunum. Áhersla lögð á mikilvægi þess að aðskilja fjárveitingar til vísindastarfa frá fjárveitingum til klínískrar starfsemi og innleiða hvata fyrir vísindamenn og stjórnendur þeirra.

Stjórn telur mikilvægt að fjalla frekar um læknanamið og vísindastarfsemina á komandi fundum.

*Gunnar Ágúst vikur af fundi.*

*Karl og Magnús víkja af fundi.*

## 6. Önnur mál

-Vinna undirnefnda rædd stuttlega.